

viðkynni við betur menntar þjóðir, eins og Meda og Persa, kom og meiri hreinleika inn í hugmyndir Gyðinga um Guð. Eftir heimkomuna úr herleiðingunni finnum vér eigi framar neinn vott um dyrkuð Baals eða sólguða, Jahve er nú orðinn þeim hinn einasti sanni Guð, en, að visu, um leið þeirra sérstaki þjóðguð, sem einhvern tíma á að gera Gyðinga að hinni voldugustu þjóð heimsins og brjóta allar heiðingja þjóðir undir vald þeirra, þá er hann í fyllingu tímans sendir þeim Messias, konunginn af Júda ætt, til þjóðforingja.

Ög hvernig hugsuðu þá Gyðingar sér þennan þjóðguð sinn? Þeir tóku sér til fyrirmyndar það voldugasta, er þeir höfðu séð á jörðunni, hina voldugu, einvöldu harðstjóra í Austurlöndum. Guð varð guð storma, jarðskjálfta og hins eyðanda elds, hinn ógurlegi Guð, sem enginn gat séð án þess að deyja, guðinn, sem steypiti niður hásetum og reisti þau aftur eftir velþóknan sinni; hann varð herguðinn, sem þeir ákölluðu á undan orustu, og sem gekk í lið sinna útvöldu Ísraels-barna, og afmáði heiðingja-þjóðirnar fyrir augliti þeirra með ólmslegri grimmd. Eins og flestar þjóðir í Austurlöndum, voru og Gyðingar, á dögum gamla testamentisins, ósiðuð og barbarísk þjóð, eftir vorum hugmyndum, og hönd þeirra var á móti öllum, sem og allra hendur á móti þeim. Til þess að gefa ályktunum sínum gildi og fylla þjóðina ósigranda vígamóði, létu þjóðforingjarnir í veðri vaka, að allir þeirra ofsalegu leiðangrar og upprætningar-fyrirætlanir væru beinlínis skipanir þjóðguðsins. Má og vera að þeir hafi sjálfir, í trúarofsa sínum, haldið að þetta í raun og veru væri boð Guðs. Á þennan hátt einungis fáum vér skilið þau hryllilegu hroðvirki,